



## Umhverfis – og auðlindaráðuneytið

Reykjavík 11. nóvember 2021

### Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um drög að reglugerð um sjálfbæra landsnýtingu.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur tekið til umsagnar drög að reglugerð um sjálfbæra landsnýtingu og vill hér með koma að eftirfarandi athugasemdum við drögin.

#### Í Viðauka III Sjálfbær landnýting og framkvæmdir segir eftirfarandi:

*Meginreglur sjálfbærrar landnýtingar í tengslum við framkvæmdir. Skipulags- og byggingafultrúar sveitarfélaga hafa með höndum útgáfu framkvæmda- og byggingaleyfa og er eftirlitskylda með landnýtingu á þeirra ábyrgð, m.a. á bygginga- og framkvæmdasvæðum. Sveitarfélögum er skylt við gerð, yfirferð og afgreiðslu aðal- og deiliskipulagstillagna að tryggja að sú framtíðarlandnýting sem verið er að áforma sé með sem sjálfbærustum hætti, öllu raski og jarðvegsflutningum sé haldið í lágmarki og leitast skal við að viðgangur og virkni vistkerfa haldi sér. Við hvers kyns leyfisskyldar framkvæmdir sem geta haft áhrif á gróður og jarðveg skal halda raski í lágmarki og grípa til mótvægisáðgerða í þeim tilvikum sem rask er óhjákvæmilegt. Leitast skal við að varðveita jarðveg sem fjarlægja þarf við framkvæmdir svo hægt sé að endurnýta slíkt efni sem til fellur við framkvæmdir við ræktun eða endurheimt landgæða. Hlúa skal að og efla lífrænt efni í jarðvegi, huga að jafnvægi næringarefna, hringrás og ferlum næringarefna, vernda og viðhalda líffræðilegri fjölbreytni, lágmarka lokun jarðvegs undir ógegndræpu yfirborði innviða/mannvirkja tengt þéttbýli, hindra og milda áhrif af þéttingu jarðvegs, bæta umsjón og stjórnun vatns í jarðvegi. Landnýtingar skal getið sérstaklega í skipulaglýsingu og lögð skal fram í gögnum sérstök matslýsing á því hver möguleg áhrif landnýtingar eru og með hvaða hætti verði komið til móts við þau gerist þess þörf. Við gerð, yfirferð og afgreiðslu aðal- og deiliskipulags skal leita umsagnar Landgræðslunnar varðandi landnýtingarþáttinn.*

Umhverfis- og skipulagssvið gerir athugasemd við þá kröfu sem hér er sett fram að **“Við gerð, yfirferð og afgreiðslu aðal- og deiliskipulags skal leita umsagnar Landgræðslunnar varðandi landnýtingarþáttinn.”**

Þarna er gerð krafa um að leitað sé umsagnar Landgræðslunnar varðandi landnýtingarþáttinn við gerð deiliskipulags án þess að skilgreint sé við hvaða skipulagstillögur sé átt. Verður ekki annað séð en að reglugerðin taki þannig til skipulags í þéttbýli skv. orðanna hljóðan.

Telur umhverfis- og skipulagssvið að þarna sé of langt seilst og að þetta þurfi í öllu falli að skýra betur þannig að ljóst sé hvenær þessi áskilnaður eigi við, en deiliskipulagstillögur og



breytingar á þeim eru mjög mismunandi og alveg ljóst að umsagnir frá Landgræðslunni eiga ekkert erindi inn í framkvæmdir í þéttbýli. Þessi breytta málsmeðferð er óeðlileg og tilgangslaus með öllu og mun valda því að málsmeðferðartími við gerð skipulagsáætlana mun lengjast verulega.

Minnt er á að hlutverk Landgræðslunnar er m.a. að hafa yfirsýn og eftirlit með áætlunum og framkvæmdum í landgræðslu í landinu og því mætti halda því fram að umsagnarskyldan ætti aðeins við þar sem væri verið að skilgreina nýtt land undir landgræðslu í aðal- og deiliskipulagi.

Ekki er heldur ljóst hver staða skipulagsyfirvalda er gagnvart umsögnum sem frá Landgræðslunni kynnu að berast, eru þær t.d. bindandi eða leiðbeinandi fyrir skipulagsyfirvöld eð hver staða umsagna sé að öðru leiti auk þess sem ekkert er sagt um tímafrest á umsögnum.

Með vísan til alls framangreinds leggst umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar alfarið gegn því að umrædd reglugerð verði samþykkt í óbreyttri mynd. Verulega hefur skort á samráð við gerð reglugerðardraganna, nauðsynleg grunngögn skortir og verulegar áhyggjur er af því að reglurnar séu of strangar miðað við það markmið sem að er stefnt. Fjöl margar neikvæðar umsagnir bera og með sér að reglugerðin sé á engan hátt tilbúin til útgáfu.

F.h. Umhverfis- og skipulagssviðs,

Harri Ormarsson, lögmaður